

Samráðsáætlun

vegna gerðar stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Andakíl.

Í nóvember 2016 verður þeim samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun send erindi til upplýsinga um að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Andakíl sé hafin og óskað eftir athugasemdum og ábendingum sem gagnast gætu við gerð áætlunarinnar.

Í desember verða drög að stjórnunar- og verndaráætlun auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og á heimasíðu Borgarbyggðar þar sem öllum gefst kostur á að senda inn ábendingar og athugasemdir. Í kjölfarið verður þeim samráðsaðilum sem tilgreindir eru í samráðsáætlun sendur tölvupóstur/erindi til að vekja athygli á að áætlunin sé í kynningarferli.

Til viðbótar því samráðsferli er fram kemur hér að ofan verður haft samráð við sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni verður til.

Samráðsaðilar

- ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ~ Minjastofnun Íslands
- ~ Skipulagsstofnun
- ~ Samgöngustofa
- ~ Vegagerðin
- ~ Ríkiseignir
- ~ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ~ Landvernd
- ~ Fuglavernd
- ~ SAF
- ~ SAMÚT
- ~ Náttúrustofa Vesturlands
- ~ Markaðsstofa Vesturlands
- ~ Flugmálafélag Íslands
- ~ Hafrannsóknastofnunin
- ~ Veiðifélag Hvítár
- ~ Veiðifélag Andakílsár